

GÖNGUSTÍGUR NEÐAN SUNDSTRÆTIS Á ÍSAFIRÐI

MINNISBLAÐ

VERKNÚMÉR: 07197

DAGS.: 2019-09-06

VERKHLUTI: 027

NR.: 6


HÖFUNDUR: EBK

DREIFING: Skipulags- og byggingarfulltrúi Ísafjarðarbæjar

Efni: Skipulagsþörf vegna göngustígs neðan Sundstrætis á Ísafirði

Fyrirhugað er að leggja göngustíg meðfram sjóvörnum neðan Sundstrætis. Göngustígurinn er í framhaldi af strandgöngustíg sem liggur með Fjarðarstræti.

1 Ákvæði gildandi aðalskipulags



Mynd 1 Hluti þéttbýlisuppdráttar Aðalskipulags Ísafjarðarbæjar 2008-2020. Göngustígurinn í Sundstræti er sýndur með punktalínu. Neðan Sundstrætis er grænt svæði og sjóvarnir eru sýndar með skástrikun.

Á þéttbýlisuppdrætti Aðalskipulags Ísafjarðarbæjar 2008-2020 er göngustígur almennt meðfram sjónum í Skutulsfirði en með nokkrum undantekningum þar sem stígurinn færir fjær honum. Á utanverðri eyrinni, við Fjarðarstræti, liggur göngustígurinn sjávarmegin við byggðina en færir götumegin við hana í Sundstrætinu og fer síðan aftur að sjónum við Sundahöfn. Ekkert fjallað um ástæður þess að göngustígurinn færir inn fyrir byggðina í Sundstræti.

Sjávarmegin við byggðina í Sundstræti er gert ráð fyrir *opnu svæði til sérstakra nota*, líkt og utan við Fjarðarstrætið. Á báðum stöðum er einnig gert ráð fyrir sjóvörnum.

Fjallað er um *göngustíga* í kafla 12.2 í gildandi aðalskipulagi. Eitt af markmiðum aðalskipulagsins er að:

- Gönguleiðir verði aðlaðandi og í sem heilsusamlegustu umhverfi



Á blaðsíðu 189 segir einnig:

Göngustígar í nágrenni þéttbýlisstaðanna skulu tengjast íbúðarsvæðum og miðbæjum og mynda hringtengingu úti í náttúrunni. Leggja skal áherslu á aðgengi að fjörum og strandsvæðum, t.d. með lagningu göngustíga meðfram sjónum og áningarstöðum við fjöruna.

Fjallað er um *opin svæði til sérstakra nota* í kafla 10 í greinargerð aðalskipulagsins. Eitt af markmiðum skipulagsins er að:

- Aðgengi að náttúru verði tryggt, m.a. að fjöru og tengsl íbúa við náttúru og umhverfi eflid.


Á blaðsíðu 164 segir einnig:

Mörg **útvistarsvæði** eru við fjöru eða í fjalllendi. Þessi svæði eru viðkvæm og ber því að taka tillit til umhverfis við alla skipulagningu og ákvarðanatöku. Menningarminjar og tengsl við atvinnuhætti hafa einnig aðdráttarafl, s.s. við fiskveiðar og fiskvinnslu og landbúnað. Í ljósi sögu svæðisins er lögð sérstök áhersla á aðgengi að fjörum. Gert er ráð fyrir því að svæðin umhverfis íbúðarhverfi og þéttbýli nýtist til almennrar útivistar. Á þessum svæðum er heimilt að byggja upp skipulögð leik- og útivistarsvæði en leitast skal við að varðveita náttúrulegt landslag eins og kostur er.

Fjallað er um sjóvarnir í kafla 3.1 en þar kemur m.a. fram að áhersla sé lögð á gott aðgengi að varnargörðunum til að hægt sé að sinna viðhaldi.

2 Deiliskipulag

Deiliskipulagið *Eyrin á Ísafirði* tekur til þess svæðis sem fyrir hugaður stígur liggur um. Deiliskipulagið var upphaflega samþykkt 16. okt. 1997 en hefur verið breytt nokkrum sinnum síðan. Tvær breytingar taka til Sundstrætis 34 og 36 og varða þar með svæðið sem um ræðir.



Mynd 2 Deiliskipulagsuppráttur skv. breytingu frá 18. júlí 2005.



Í deiliskipulaginu er lögð áhersla á gönguleiðir meðfram sjónum. Í almennum forsendum á bls. 4 segir m.a.:

Þess vegna er mikilvægt að huga vel að sjónlínunum út frá byggðinni, byrgja sem minnst útsýni frá eldri hverfum með nýbyggingum næst sjónum og tryggja jafnframt aðkomu að fjöru og sjó fyrir gangandi vegfarendur.

Í kafla IV.4 um gönguleiðir á bls. 11 segir:

Markmið 4. Skapa almenningi góða möguleika til útivistar.

Gönguleiðir verða aðlaðandi um götur gamla bæjarins, þegar þeim hefur verið breytt í vistgötur. Með breikkun gangstétta verður auðveldara að fara um, að og frá miðbænum. Lögð er áhersla á gönguleiðir meðfram og að sjónum.

Í gildandi deiliskipulagi er gert ráð fyrir safnbraut utan við Sundstræti og Fjarðarstræti og meðfram safnbrautinni er gert ráð fyrir gangstétt næst lóðum. Áfram er gert ráð fyrir gangstéttinni í þeim breytingum sem gerðar hafa verið á deiliskipulaginu. Möguleiki á gönguleið utan við lóðir í Sundstræti hefur því verið til staðar síðan 1997. Hafa ber í huga að fallið hefur verið frá safnbrautinni í gildandi aðalskipulagi.

3 Samræmi við skipulag

Líta má svo á að göngustígur neðan Sundstrætis sé í samræmi við gildandi deiliskipulag. Þessi þáttur deiliskipulagsins á sér hins vegar ekki stoð í gildandi aðalskipulagi og aðalskipulag er rétt hærra en deiliskipulag. Breyta þarf því gildandi aðalskipulagi til að göngustígurinn sé í samræmi við skipulag.

Mjög líklegt er að aðalskipulagsbreytingin geti talist óveruleg. Almennt er stefna bæði deiliskipulagsins og aðalskipulagsins skýr hvað varðar áherslu á göngustíga meðfram sjó og aðgengi almennings að fjörum. Svæðið er skilgreint sem *opið svæði til sérstakra nota* í gildandi aðalskipulagi og þar er lögð áhersla á aðgengi að fjörum og að þau nýtist almenningi til útivistar. Lagning göngustígs á þessu opna svæði vikur því mjög takmarkað frá stefnu aðalskipulagsins.

Breytingin getur haft einhver áhrif á 9 lóðir neðan Sundstrætis vegna aukinnar umferðar gangandi fólks en fleiri íbúðir eru innan hvernar lóðar. Áhrifin eru þó ekki líkleg til vera umfangsmikil eða hafa áhrif á verðmæti eigna, þar sem þegar er gert ráð fyrir að útivist á svæðinu sé heimil og til langs tíma hefur verið stefna um gönguleið á þessu svæði.

Þó lagning göngustígsins sé í samræmi við deiliskipulag getur verið ákjósanlegt að breyta deiliskipulaginu þannig að safnbrautin verði felld út í samræmi við stefnu gildandi aðalskipulags. Með breytingunni yrði lega göngustígs nánar útfærð og kynnt hagsmunaðilum og almenningi. Tækifæri skapast einnig til að kynna mögulegar mótvægisáðgerðir til lágmarka það ónæði sem stígurinn kann að valda nágrönnum. Breyting deiliskipulagsins getur talist óveruleg þannig að grenndarkynning teljist fullnægjandi. Brotthvarf safnbrautar er í samræmi við gildandi aðalskipulag og breytingar á göngustígnum eru óverulegar.